





Mesta fækkun gistinátta á suðvesturhorninu á síðasta ári

Efnahagsleg áhrif farsóttarinnar hafa komið þyngst niður á ferðapjónustu í heiminum. Gistinætur hér á landi voru 2,9 milljónir á síðasta ári og fækkaði um 65% frá fyrra ári. Það sem dró úr högginu var að gistinóttum Íslendinga fjölgaði um rúman fjórðung milli ára. Hlutfall gistinátta Íslendinga var 47% og hefur það ekki áður mælst hærra en næst hæsta hlutfallið var árið 1999, þegar það var rúmur þriðjungur.

Gistinætur á heilsárshótelum námu 1,3 milljónum borið saman við 4,2 milljónir árið áður og dróst fjöldi þeirra saman um 68,2% milli ára. Gistinóttum erlendra ferðamanna fækkaði um 76% en gistinóttum Íslendinga fjölgaði um 5,8%. Árið var mjög kaflaskipt hvað þróunina varðar. Áhrifa farsóttarinnar gætti eiginlega ekki fyrr en í mars en þau komu síðan fram af fullum þunga í apríl og í þeim mánuðum sem eftir lifðu árs. Fækkun erlendra ferðamanna var 22% á fyrsta fjórðungi en lá síðan á bilinu 86-98% á síðustu þremur fjórðungum ársins. Minnsti samdrátturinn var á þriðja fjórðungi en nokkuð var um að erlendir ferðamenn kæmu hingað yfir sumarið. Gistináttafjöldi Íslendinga breyttist lítið á öðrum fjórðungi en síðan varð mikil fjölgun á þriðja fjórðungi, eða um 136%. Síðan varð töluvert mikil fækkun á fjórða fjórðungi, eða 47%.

Áhrif gistinátta Íslendinga mismikil eftir svæðum

Mesta fækkun gistinátta var á suðvesturhorninu en gistinóttum fækkaði mest á Suðurnesjum um 74,7% og um 70,7% á höfuðborgarsvæðinu. Næst mesta fækkunin var á Suðurlandi, 68,5%. Minnsta fækkunin var á Norðurlandi, 55%, næst minnst á Vesturlandi og Vestfjörðum, 55,8% og þriðja minnst á Austurlandi, 57,1%. Ástæðan fyrir því að fækkunin var minnst á þessum þremur svæðum liggur í mikilli aukningu gistinátta Íslendinga en þessi svæði voru þau svæði þar sem gistinóttum útlendinga fækkaði hlutfallslega mest. Gistinóttum Íslendinga fjölgaði mest á Austurlandi, 127,1%, næst mest á Norðurlandi, 64,2% en í þriðja sæti var Vesturland og Vestfirðir með 23%. Gistinóttum Íslendinga fækkaði á Suðvesturhorninu. Fækkunin var 45,7% á






Suðurnesjum og 34,8% á höfuðborgarsvæðinu. Þessa fækkun má líkast til rekja til þess að töluverður hluti af hótulgistingu Íslendinga hér á landi tengist ferðalögum þeirra til annarra landa.

Herbergjanýting niður í fjórðung

Herbergjanýting á síðasta ári fór niður í tæp 25% og hefur hún ekki áður mælst lægri. Frá því byrjað var að halda utan um þessar tölur árið 2000 hafði nýtingin áður verið lægst 46,5% árið 2003.

Herbergjanýtingin var mjög lág á öllum svæðum landsins og á frekar þröngu bili. Lægst var hún á Suðurlandi, tæp 22%. Næst lægst var hún á Vesturlandi og Vestfjörðum, 21,7%. Þar á eftir kom Norðurland með 23,7%. Hæsta nýtingin var á höfuðborgarsvæðinu, 25,6%, en þar á eftir komu Suðurnes með 24,4%. Þróun nýtingarinnar markast ekki einungis af breytingu í gistinóttum heldur einnig herbergjaframboði sem hefur dregist mikið saman á flestum svæðum.

Herbergjanýting eftir svæðum



Heimild: Hagstofa Íslands

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.